

## 2. gr.

Öll framkvæmdarstörf, sem holræsakerfi staðarins varða, svo sem: viðhald, endurbætur, viðauka og umsjón alla, annast oddviti, eða annar maður sem hreppsnefnd felur það, undir umsjón hreppsnefndar. Er engum heimilt að leggja ræsi í aðalræsi, nema að fengnu leyfi þessara aðila, og er mönnum skylt að hlíta í öllu fyrirmælum þeirra um gerð og legu ræsis og annað þess háttar, er máli skiptir í sambandi við það.

Oddviti annast reikningshald og fjárreiður holræsagerðarinnar.

## 3. gr.

Kostnaður allur við aðalholræsakerfið greiðist úr sveitarsjóði. Til að standast þann kostnað ber hverjum húseiganda, sem tengir heimæð við aðalæð, að greiða tengigjald, samkvæmt ákvörðun hreppsnefndar. Einnig ber hverjum húseiganda, sem á hús við veg, götu eða opið svæði, þar sem holræsi er lagt í, að greiða holræsagjald til hreppsins, sem miðast við fasteignamat húseignanna 2% samkv. núverandi fasteignamati, en þó aldrei lægra en kr. 500.00.

Gjöld þessi getur hreppsnefnd hækkað eða lækkað eftir ástæðum um allt að 50%.

## 4. gr.

Húseigandi ber ábyrgð á greiðslu holræsagjalds gagnvart hreppsnefnd. Kröfur, sem hreppsnefndin kann að öðlast samkvæmt 1. og 3. gr., má taka lögtaki á kostnað gjaldanda, og eru gjöld þessi tryggð með lögveði í húseigninni í næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hver skonar samningsveði og aðfaraveði.

Gjalddagi holræsagjalds er 1. október ár hvert.

## 5. gr.

Brot á reglugerð þessari varðar sektum, allt að kr. 3 000.00 nema þyngri refsing liggji við samkvæmt lögum. Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Vatnsleysustrandarhrepps, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 5. marz 1970.*

**Emil Jónsson.**

*Hallgrímur Dalberg.*

## AUGLÝSING

um notkun endurgreiðsluheimildar skv. 50. tl. 3. gr. laga nr. 1/1970

um gjaldamismun af iðnaðarvélum.

Fjármálaráðuneytið hefur ákveðið að nota framangreinda lagaheimild svo sem segir í auglýsingu þessari.

Hver endurgreiðslubeiðni verði send ráðuneytinu ekki síðar en 1. júlí 1970 á þar til gerðu eyðublaði.

Beiðni skal fylgja:

- 1) Tollreikningur ásamt vörureikningi (faktúru).
- 2) Útreikningur á tollendurgreiðslunni, er gerður sé á venjulegri aðflutnings-skýrslu.

Til skýringar skal það tekið fram, að tollur fæst einungis endurgreiddur af vélum til iðnaðarframleiðslu, þ. e. a. s. af vélum, sem beinlínis eru notaðar við framleiðslu á vöru viðkomandi fyrirtækis, en ekki af hjálparvélum eða -tækjum, t. d. eins og vörulyfturum, loftræstitækjum, kynditækjum o. s. frv. Enn fremur verða vélarnar að vera í eigu endurgreiðslubeiðanda 1. marz 1970 og hafa verið tollafgreiddar eftir 1. des. 1968.

Til frádráttar endurgreiðslunni kemur væntanleg söluskattshækkun hinn 1. marz n.k.

Allar endurgreiðslubeiðnir sama aðila skulu sendar ráðuneytinu samtímis.

Nú rís ágreiningur um endurgreiðsluhæfi endurgreiðslubeiðna, og mun sá ágreiningur þá hljóta sömu málsmeðferð og lýst er í auglýsingu ráðuneytisins um endurgreiðslur vegna hráefna.

Umsóknareyðublöð fást hjá Félagi íslenskra iðnrekenda, Lækjargötu 12, Reykjavík, Verzlunarráði Íslands, Laufásvegi 36, Reykjavík, og hjá tolfyrirvöldum.

*Fjármálaráðuneytið, 20. febrúar 1970.*

**Magnús Jónsson.**

*Jón Sigurðsson.*

## AUGLÝSING

**um notkun endurgreiðsluheimildar skv. 50. tl. 3. gr. tollskrárlaga nr. 1/1970, á aðflutningsgjöldum af hráefnum til iðnaðarframleiðslu, sem tollafgreidd hafa verið eftir 1. des. 1969 og birgðum timburs hjá timburinnflytjendum 1. marz 1970, innfluttum eftir 1. ágúst 1969.**

Beiðnir um endurgreiðslur verða því aðeins teknar til greina, að þeim til grundvallar liggi talning birgða, sem gerð sé 1. marz 1970, af þeim hráefnum og hálf- og/eða fullunnum vörum, sem endurgreiðslu er beiðzt á, svo og staðfesting löggiltis endurskoðanda eða tolfyrivalds, þar sem löggiltir endurskoðendur eru ekki til staðar, um að birgðatalning sé rétt.

Til þeirra nota hefur ráðuneytið látið útbúa sérstakt eyðublað, og skal hver endurgreiðslubeiðni send ráðuneytinu á slíku blaði, ekki síðar en 1. júlí 1970.

Beiðni fylgi:

- 1) Tollreikningur yfir vöruna ásamt vörureikningi (faktúru).
- 2) Ef um birgðir af hálf- og/eða fullunnum vörum er að ræða, sérstök skýrsla yfir magn þeirra vara, ásamt nákvæmri sundurliðun á tollskrárnúmerum, magni og tollverði þeirra vara, sem eru efnisþættir í hálf- og/eða fullunnu vörunni.

Allar endurgreiðslubeiðnir sama aðila skulu sendar ráðuneytinu samtímis.

Endurgreiðslur til verzlana, sem selja hráefni til framleiðenda iðnaðarvöru af fyrirliggjandi birgðum 1. marz 1970, á verði skv. hinum lækkaða tolli, verði því aðeins inntar af hendi, að seljendur afli sér staðfestrar talningar birgða af slíkum hráefnum pr. 1. marz 1970 á sams konar eyðublaði og áður getur.